



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 11. desember 2025

Viðurlög vegna lágmarkskröfu um menntun aðalþjálfara í efstu deildum karla og kvenna

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ 10. desember sl. var breyting samþykkt á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingar á texta í reglugerðum ásamt greinargerð:

Það sem samþykkt hefur verið að falli inn í reglugerð er **rauðmerkt**.
Það sem samþykkt hefur verið að fella út úr reglugerð er ~~yfirstrikað~~.

**Reglugerð KSÍ
um aga- og úrskurðarmál**

14. grein – Leyfiskerfi KSÍ

14.2.5 Menntunarkröfur þjálfara í efstu deild karla og efstu deild kvenna.

Félag í efstu deild karla og efstu deild kvenna skal sæta sekt að fjárhæð kr. 40.000,- fyrir hvern leik í Íslandsmóti sem aðalþjálfari liðsins stýrir án þess að uppfylla lágmarkskröfur um menntun samkvæmt leyfisreglugerð og reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara.

Greinargerð:

Á fundi stjórnar KSÍ þann 11. október 2023 var samþykkt að taka upp sektarákvæði frá og með 2026 þess efnis að það varði sekt að fjárhæð kr. 40.000,- fyrir hvern leik í Íslandsmóti sem aðalþjálfari stýrir án þess að hafa hafa þjálfararéttindi í samræmi við lágmarkskröfu skv. reglugerð í efstu deildum karla og kvenna. Sjá fundargerð stjórnar frá 2023:

[01_2299 Fundargerð stjórnar 11 okt 2023.pdf](#)

Verið er að fylgja eftir framangreindri ákvörðun og er hið nýja ákvæði fellt inn í kafla reglugerðar um aga- og úrskurðarmál um Leyfiskerfi KSÍ ásamt öðrum viðurlögum vegna brota á leyfiskerfi KSÍ.

Ákvæðið vísar til annars vegar leyfisreglugerðar KSÍ og reglugerðar KSÍ um menntun þjálfara um lágmarkskröfur um menntun þjálfara í efstu deild. Samkvæmt töflu í gr. 2.1 reglugerðar skulu aðalþjálfarar í efstu deild karla og kvenna vera með KSÍ Pro gráðu. Næsta KSÍ Pro námskeiði hefst vorið 2026. Þjálfarar sem hafa verið samþykktir inn á KSÍ Pro áður en Íslandsmótið hefst teljast hafa hafið nám og munu félög þeirra ekki sæta viðurlögum samkvæmt hinu nýja ákvæði.

Þá er athygli vakin á því að fræðslunefnd og stjórn KSÍ er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum um lágmarkskröfur menntunar knattspyrnuþjálfara ef *veigamiklar og sérstakar ástæður liggja að baki*, sbr. 6. gr. reglugerðar um menntun knattspyrnuþjálfara.

Öllum fyrirspurnum um KSÍ Pro og skráningu skal beina til Arnars Bill Gunnarssonar á netfangið arnarbill@ksi.is.

Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við undirritaðan á netfangið axel@ksi.is eða í síma 510-2903.

Axel Kári Vignisson lögmaður,
yfirlögfræðingur KSÍ.